

Nd. 323. Frumvarp til laga [162. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Þórarinn Sigurjónsson, Garðar Sigurðsson,
Guðlaugur Gíslson.

1. gr.

Selfosskauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Selfosshrepp og heitir Selfoss. Umdæmi þetta er í Suðurlandskjördæmi.

2. gr.

Um valdssvið bæjarfógeta á Selfossi og launakjör fer samkvæmt lögum þar um. Sýslumaður Árnæssýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Árnæssýslu og bæjarstjórn Selfoss skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Árnæssýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárhagsskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Selfosshrepps, er á fundi sínum 18. janúar s. l. gerði samhljóða eftirfarandi samþykkt:

„H. S. samþykkir að fara þess á leit við alþm. Suðurlandskjördæmis, að þeir flytji á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi til handa Selfosshreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núverandi Selfosshrepp og verði sýslumaður Árnæssýslu bæjarfógeti kaupstaðarins.

Það er einnig vilji hreppsnefndar, að breytingin taki gildi frá og með næstu sveitarstjórnarkosningum.“

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð, sem einnig var samþykkt samhljóða:

„1. Ástæður H. S. til þess að sækja um kaupstaðarréttindi eru fyrst og fremst réttarstöðulegar. Stærð hreppsins gerir það eðlilegt að hann hafi sömu réttarstöðu og sýslufélög.

2. Selfosshreppur er nú stærsti hreppur landsins með liðlega 3 000 íbúa og jafnframt áttunda stærsta sveitarfélag utan Reykjavíkur.

3. Það er vilji hreppsnefndar að sú samstaða og samvinna, sem þróast hefur milli Selfosshrepps og annarra hreppa sýslunnar, megi haldast óbreytt í sem flestum þáttum eftir að Selfoss hefur öðlast kaupstaðarréttindi, enda ná ýmsar sam-eiginlegar þjónustugreinar, sem þróast hafa á staðnum, langt út fyrir mörk hreppsins.

4. H. S. treystir því, að erindi þetta fái vinsamlega og skjóta afgreiðslu yðar og þingsins.“

Hinn 8. janúar s.l. fór fram skoðanakönnun meðal kjósenda á Selfossi um kaupstaðarmálið. Á kjörskrá voru 1944. Þátt tóku í skoðanakönnuninni 1045 eða 53.76% kjósenda. 751 af þeim, sem atkvæði greiddu, voru fylgjandi því, að Selfosshreppur fengi kaupstaðarréttindi, en 278 voru því mótfallnir.

Selfosshreppur er í örum vexti. Segja má að staðurinn sé miðstöð iðnaðar, samgangna og verslunar í fjölmönnum byggðum. Jarðhiti er fyrir hendi og stendur til að hagnýta hann í ríkara mæli til hitunar húsa og iðnaðar. Í seinni tíð sækja nálægar sveitir og kauptún ýmsa skóla að Selfossi og eflir það m. a. samstarf og samstöðu í héraðinu. Það virðist vera sanngjarnt að Selfoss, sem er ört vaxandi staður, fái þá réttarstöðu sem kaupstaðir hafa.

Ýmis kauptún miklu fámennari en Selfoss hafa fengið kaupstaðarréttindi. Má m. a. nefna Njarðvík með 1750 íbúa, Seltjarnarnes með 2630 íbúa, Bolungarvík með 1134 íbúa, Dalvík með 1207 íbúa, Eskifjörð með 1033 íbúa og Grindavík með 1723 íbúa.